

# Starfsreglur starfskjaranefndar Skipta hf.

## 1. gr. Skipun starfskjaranefndar

Starfskjaranefnd Skipta hf. er undirnefnd stjórnar félagsins og er skipuð af henni í samræmi við starfsreglur stjórnar þess. Nefndin skal starfa í samræmi við íslensk lög og reglur og góða stjórnarhætti.

## 2. gr. Nefndarmenn

Stjórn Skipta hf. skipar starfskjaranefndar og skal nefndin heyra undir stjórn. Nefndin skal skipuð tveimur aðilum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Hvorki forstjóri félagsins né aðrir æðstu stjórnendur þess og dótturfélaga skulu eiga sæti í starfskjaranefnd.

Æskilegt er að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda og geti áttað sig á hámarksgreiðslum til einstakra stjórnenda, t.a.m. við starfslok, og áhrifum þeirra á félagið.

Starfskjaranefnd er heimilt, ef nauðsyn þykir, að leita atbeina ráðgjafa í störfum sínum og skulu ráðgjafar vera óháðir félaginu, æðstu stjórnendum þess og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Nefndin ber ábyrgð á því að kanna óhæði ráðgjafa.


## 3. gr. Hlutverk og ábyrgð starfskjaranefndar

Hlutverk starfskjaranefndar er að tryggja að starfskjör yfirstjórnenda taki mið af afkomu fyrirtækisins til langs tíma, frammistöðu þeirra sjálfra og hagsmunum hluthafa. Forstjóri er ábyrgur fyrir starfskjörum annarra og ber honum að tryggja að starfskjör séu ávallt í samræmi við stefnu starfskjaranefndar. Stefna starfskjaranefndar er að tryggja að félaginu sé jafnan kleift að laða til sín og halda í starfi hæfum stjórnendum.

Í þessu skyni ber nefndinni að ráðfæra sig við ytri ráðgjafa um starfskjör í sambærilegum fyrirtækjum þegar þörf krefur. Hlutverki nefndarinnar er ætlað að ná til þeirra verkefna sem kveðið er á um í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði, Kauphöllinni (OMX) og Samtökum atvinnulífsins.

Starfskjaranefnd skal hafa heimild og umboð stjórnar til þess að annast eftirtalin verkefni:

1. Undirbúa tillögu að starfskjarastefnu félagsins,
2. Undirbúa tillögu til hluthafafundar um starfskjör stjórnarmanna,
3. Samningagerð við forstjóra og aðra starfsmenn, heyri þeir undir stjórn, um laun og önnur starfskjör. Starfskjaranefnd skal í hverju tilviki afla umboðs stjórnar áður en gengið er frá samningi.



Nánar tiltekið er það á ábyrgð starfskjaranefndar að:

1. útbúa starfskjarastefnu félagsins og leggja hana fram sem tillögu fyrir stjórn félagsins. Skal nefndin leggja fram tillögu um starfskjarastefnu tímanlega fyrir síðasta fund stjórnar fyrir aðalfund ár hvert,
2. hafa eftirlit með framfylgd starfskjarastefnunnar,
3. fylgjast með að laun og starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni,
4. veita álit til stjórnar félagsins fyrirfram á kaupaukakerfi, sé fyrirhugað að koma slíku kerfi á,
5. taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins,
6. leggja árlega fyrir stjórn félagsins skýrslu um störf starfskjaranefndar.

#### **4. gr. Fundir og ákvörðunarvald starfskjaranefndar**

Starfskjaranefndin skal að lokinni árlegri skipan hennar koma saman til fundar þar sem nefndarmenn kjósa formann úr eigin röðum. Nýir nefndarmenn skulu fá leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar.

Formaður starfskjaranefndar boðar til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna. Fundir skulu að jafnaði haldnir einu sinni á ársfjórðungi, en oftast telji starfskjaranefnd ástæðu til.

Formaður starfskjaranefndar stýrir fundum. Starfskjaranefnd er ákvörðunarbær þegar báðir nefndarmenn sækja fund.


Samþykki beggja nefndarnanna þarf til þess að afgreiða fyrirbyggjandi málefni. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af nefndarmönnum.

Nefndin skal halda fundargerðabók og senda fundargerðir til stjórnar, forstjóra og innri endurskoðanda félagsins.

#### **5. gr. Starfskjarastefna**

Starfskjaranefnd útbýr starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og önnur starfskjör stjórnarmanna, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda þess. Nefndin ber starfskjarastefnu undir stjórn til samþykktar. Starfskjarastefnan skal lögð fyrir aðalfund félagsins til samþykktar.

Á aðalfundi gerir stjórn félagsins jafnframt grein fyrir kjörum stjórnarmanna og stjórnenda. Ef stjórn víkur frá starfskjarastefnu skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í fundargerð stjórnar. Starfskjarastefna er bindandi fyrir stjórn að því er varðar hlutabréf, kaup- og sölurétt, forkaupsrétt og annars konar greiðslur sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu. Í starfskjarastefnu skulu koma fram grundvallatriði varðandi starfskjör stjórnarmanna og stjórnenda og stefnu félagsins varðandi samninga við framangreinda aðila. Í starfskjarastefnu skal koma fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða eða umbuna



stjórnendum umfram föst laun í formi árangurstengdra greiðslna eða starfskjarabátta, hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á þeim, lánasamninga, lífeyrissamninga eða starfslokasamninga. Starfskjarastefna félagsins skal stuðla að því að hagsmunir stjórnenda séu raunverulega tengdir árangri félagsins og hagsmunum hluthafa þess til lengri tíma lítið.

#### **6. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda**

Á nefndarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórn félagsins ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum laga eða samþykktum félagsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Nefndarmaður skal varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sem hann fær afhent vegna starfa sinna. Skulu nefndarmenn afhenda félaginu öll gögn sem þeir kunna að hafa fengið í hendur í tengslum við einstök málefni félagsins ef formaður telur á því nauðsyn. Nefndarmenn skulu ekki tjá sig við fjölmiðla eða almenning varðandi málefni félagsins.

#### **7. gr. Önnur ákvæði**

Reglur þessar taka mið af 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög og skulu endurskoðaðar á hverju ári. Við gerð reglnanna var einnig tekið mið af 4. útg. leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti frá mars 2012. Ákvæði reglnanna koma ákvæðum hlutafélagalaga og samþykktu félagsins til fyllingar.

Breytingar á starfsreglum þessum taka eigi gildi fyrr en stjórn félagsins hefur samþykkt breytingarnar. Reglurnar skulu gilda um nefndarmenn starfskjaranefndar félagsins og þeir skuldbinda sig til þess að hlíta reglum þessum með því að taka sæti í starfskjaranefnd félagsins. Reglurnar gilda eftir því sem við á einnig um stjórn félagsins.

Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar félagsins þann 12. febrúar 2015

